

Stjórnarfundur 4 þriðjudaginn 13. október 2014 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Fundargerð stjórnarfundar 13. október 2014

Mættir voru eftirtaldir stjórnarmenn:

Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Árni Jón Eggertsson og Dagbjört Víglundsdóttir sem var í símasambandi frá Akureyri.

Dagskrá: Bikarkeppni BLÍ
Önnur mál

Bikarkeppni BLÍ:

Tekið var fyrir bréf frá 5 félögum á höfuðborgarsvæðinu sem mótmælt höfðu staðarvali undankeppni Bikarkeppni BLÍ sem ákveðið var að halda í Neskaupstað.

Niðurstaða umræðunnar var sú að stjórn BLÍ stendur við fyrri ákvörðun sína um að undankeppni Bikarkeppni BLÍ fari fram í Neskaupstað eins og ákveðið hafði verið. Jafnframt var það tekið fram að ef að fulltrúar allra félaganna sem hlut eiga að máli geta komið sér saman um annan keppnisstað fyrir umrædda undankeppni þá setur stjórn BLÍ sig ekki á móti því.

Formanni var falið að tilkynna viðkomandi félögum niðurstöðuna.

Önnur mál:

Afreksmiðstöð ÍSÍ var kynnt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið.

Fundargerð ritaði Jason Ívarsson